

Kynferðisleg áreitni og ofbeldi innan knattspyrnuhreyfingarinnar

**TILLÖGUR STARFSHÓPS VARÐANDI VINNULAG, VIÐHORF
OG MENNINGU**

Október 2021



Í janúar 2018 skrifuðu tæplega fimmhundruð íþróttakonur undir yfirlýsingu og samantekt á sögum af kynferðisofbeldi, þar sem þær hvöttu forystufólk í íþróttastarfi til að beita sér gegn slíku innan hreyfingarinnar. Sögur þeirra af kynferðislegri áreitni og kynferðislegu ofbeldi voru fjölmargar og margbreytilegar, þar sem gerendur voru allt frá sjálfboðaliðum yfir í iðkendur, þjálfara og stjórnarmenn. Ákall íþróttakvennanna var hluti af í fyrstu bylgju #metoo og vakti sú bylgja marga til meðvitundar um hversu umfangsmikið vandamálið var á Íslandi sem og annars staðar. Í krafti fjöldans fengu þolendur í fyrsta sinn almenna áheyrn og viðbrögð við stöðunni voru óumflýjanleg.

Ýmislegt var gert í tilraun til að bregðast við stöðunni því ljóst var að dómskerfið eitt og sér var ekki að leysa úr málunum og meira þurfti til. Íþróttá- og ólympíusamband Íslands lét útbúa fræðslufni og sendi á alla hreyfinguna auk þess að bæta fræðslu um kynferðisofbeldi inn í þjálfaramenntun sína. Mörg íþróttahéruð, íþróttabandalög og sérsambönd, þar á meðal KSÍ, uppfærðu jafnréttisáætlanir og jafnréttisstefnur sínar, héldu málþing og ráðstefnur um málefnið og almennt varð meiri meðvitund um birtingarmyndir kynferðisofbeldis og mikilvægi þess að bregðast við. En smám saman virðist hafa fennt yfir og þrátt fyrir góðan vilja víða þá fjaraði smám saman undan umræðunni.

Í sumarbyrjun 2021 birti kona sögu af grófu kynferðisofbeldi sem hún kveðst hafa orðið fyrir árið 2010. Í kjölfar þess bárust sögur af því að gerendur í því máli hafi á þeim tíma verið tveir leikmenn A-landslíðs karla í fótbolta. Engin viðbrögð komu frá knattspyrnusambandinu og í kjölfarið skrifaði Hanna Björg Vilhjálmisdóttir pistil þar sem hún ávarpaði forystu KSÍ beint í tengslum við málið. Óhætt er að segja að út frá því hafi viðbrögðin í samfélaginu verið mikil og hörð og komu margir að máli og kröfðu KSÍ svara. Umræðan var einnig á þann veg að fleiri landsliðsmenn voru tengdir við ofbeldismál. Opinber svör forsvarsfólks KSÍ urðu til þess að formaður og stjórn KSÍ nutu ekki lengur trausts innan sem utan knattspyrnuhreyfingarinnar. Formaður KSÍ sagði af sér þann 29. ágúst og stjórnin gerði það sama degi síðar, þann 30. ágúst. Áður en til þess kom var samþykkt að settur yrði saman starfshópur sem fengi það hlutverk að rýna í verklag og vinnuferla KSÍ í ofbeldismálum, auk þess að skoða viðhorf og menningu innan knattspyrnuhreyfingarinnar. Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir fékk það hlutverk að setja saman starfshópinn og var óskað eftir því að hópurinn ynni hratt og vel.

Í samantekt þessari má sjá tillögur starfshópsins og hvatningu til nýrrar forystu KSÍ að nýta þann jarðveg sem nú hefur myndast til að taka skýra afstöðu gegn hvers kyns ofbeldi og þá ekki síst kynferðisofbeldi og þannig bæta menningu og viðhorf innan KSÍ.

Starfshópurinn

Í byrjun septembermánaðar var starfshópurinn settur saman og var boðað til fyrsta fundar þann 3. september 2021. Upphaflega var áætlað að starfshópurinn hefði það hlutverk að rýna í verkferla og vinnulag, taka við tilkynningum og koma óleystum málum í ferli auk þess að leggja fram tillögur til úrbóta í kynferðisbrotamálum innan knattspyrnuhreyfingarinnar. Þegar á leið varð ljóst að hlutverk hópsins yrði ekki eins umfangsmikið og til stóð þar sem þrír aðrir starfshópar tóku til starfa eða voru að sinna sambærilegu starfi:

1. Starfshópur á vegum Samskiptaráðgjafa Íþróttá- og æskulýðsstarfs var settur saman vorið 2021 og er helsta hlutverk hans að samræma verkferla fyrir allt íþróttá- og æskulýðsstarf.
2. Íþróttá- og Ólympíusamband Íslands setti saman starfshóp til að setja viðmið um viðbrögð við ofbeldismálum fyrir íþróttahreyfinguna í heild. Sá hópur fékk það hlutverk að meta hvenær skal bregðast við og á hvaða hátt auk þess að meta hvort og þá hvernig má vísa fólki frá íþróttaiðkun eða starfi. Annað hlutverk hópsins er að útbúa einhverskonar starfssamninga sem gerðir verða við landsliðsfólk varðandi hegðun og framkomu.
3. KSÍ óskaði formlega eftir því að ÍSÍ skipaði hlutlausa nefnd til að rýna sérstaklega í þau kynferðisofbeldismál sem komið hafa upp innan knattspyrnuhreyfingarinnar frá árinu 2010-2021 og viðbrögð við þeim. Einnig fékk nefndin það hlutverk að meta hvort eitthvað í hefðum eða menningu KSÍ hamli tækifærum kvenna og öryggi þeirra innan hreyfingarinnar.

Fyrir utan vinnu starfshópanna varð ljóst að öll kynferðisbrotamál, gömul og ný, eiga að berast til samskiptaráðgjafa sem kemur þeim í viðeigandi ferli eftir eðli og alvarleika brots. Því var ákveðið að starfshópur þessi myndi leggja megináherslu á að bera fram tillögur til úrbóta varðandi annars vegar vinnulag og hins vegar varðandi menningu og viðhorf innan knattspyrnuhreyfingarinnar í tengslum við jafnrétti og kynferðisofbeldi. Starfshópurinn fundaði sex sinnum á tímabilinu frá 3. september til 19. október, í eina og hálf klukkustund í senn. Fundirnir fóru fram í húsnæði Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands. Fulltrúar í starfshópnum voru:

- Arnar Sveinn Geirsson, forseti Leikmannasamtaka Íslands
- Hanna Björg Vilhjálmsdóttir, forkona jafnréttisnefndar Kennarasambands Íslands
- Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, verkefnastýra Jafnréttisskóla Reykjavíkur og fulltrúi í stjórn ÍSÍ. Formaður hópsins.
- Sigurbjörg Sigurpálsdóttir, samskiptaráðgjafi Íþróttá- og æskulýðsstarfs
- Sigurður Freyr Sigurðsson, lögmaður
- Steinunn Gyðu- og Guðjónsdóttir, talskona Stígamóta

- Svandís Anna Sigurðardóttir, sérfræðingur í kynja- og hinseginmálum hjá Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkur

Starfshópurinn rýndi vel í stöðuna og leitaði fanga þar sem upplýsingar var að finna. Hópurinn ræddi um og skoðaði fræðslumál, verklag, siðareglur og breytingar sem orðið hafa á þekkingu á jafnréttis- og ofbeldismálum innan knattspyrnuhreyfingarinnar síðastliðin ár. Námsefni um kynferðisofbeldi sem nýtt er í þjálfaramenntun bæði á vegum ÍSÍ og KSÍ var kynnt fyrir hópnum. Lesnar voru greinar og skýrslur m.a. um skyldur ríkis og sveitarfélaga gagnvart íþróttamálum á Íslandi. Skýrsla um *Heildarendurskoðun á knattspyrnu kvenna* var skoðuð sérstaklega. Þá kynnti formaður Leikmannasamtaka Íslands niðurstöður könnunar um ofbeldismál sem samtökin lögðu fyrir leikmenn í efstu tveimur deildum karla og kvenna í knattspyrnu sumarið 2021 og samskiptaráðgjafi íþróttá- og æskulýðsmála kynnti starf sitt sem ekki hefur verið nægjanleg vitneskja um innan hreyfingarinnar og í samfélaginu fram að þessu.

Samskiptaráðgjafi íþróttá- og æskulýðsstarfs

Starf samskiptaráðgjafa íþróttá- og æskulýðsstarfs var sett í lög árið 2019 og markmið með þeim lögum er að íþróttá- og æskulýðsstarf skuli fara fram í öruggu umhverfi. Auk þess eiga allir sem að slíku starfi koma, iðkendur, þátttakendur, starfsfólk, sjálfboðaliðar og stjórnar fólk, börn sem fullorðnir, að geta leitað réttar síns ef þau hafa orðið fyrir atvikum eða misgjörðum í sínu félagsstarfi án þess að óttast afleiðingar. Með atvikum og misgjörðum er átt við andlegt, líkamlegt og kynferðislegt ofbeldi og áreitni, einelti og önnur sambærileg tilvik. Öllum málum sem berast samskiptaráðgjafa er tekið alvarlega og trúnaði heitið þar til annað hefur verið ákveðið með þeim undantekningum ef brotið hefur verið á barni. Þeim málum er ávallt vísað til viðeigandi yfirvalda. Fulltrúi íþróttafélags eða sérsambands getur haft milligöngu um að vísa málum til samskiptaráðgjafa en þolendur geta einnig leitað þangað sjálfir.

Könnun Leikmannasamtaka Íslands

Fyrr á þessu ári, vorið 2021 sendu Leikmannasamtök Íslands í samstarfi við samskiptaráðgjafa íþróttá- og æskulýðsstarfs könnun til allra leikmanna í karla- og kvennaliðum í efstu tveimur deildum knattspyrnu á Íslandi. Verið er að vinna úr niðurstöðum könnunarinnar og munu þær verða birtar síðar. Í óbirtum gögnum kemur þó ýmislegt í ljós sem skiptir máli varðandi tilkynningar um ofbeldi, en yfir 75% svarenda telja sig ekki vita hvert þau geta leitað ef ofbeldismál koma upp. Það eitt og sér gefur tilefni til að bæta verulega upplýsingagjöf svo iðkendum sé ljóst að greina eigi frá ofbeldi og að þeir viti ávallt hvert þeir geti leitað og hvert ferli slíkra tilkynninga er. Mið er tekið af þessu í tillögum starfshópsins sem sjá má hér aftar í skýrslunni.

Heildarendurskoðun á knattspyrnu kvenna

Á ársþingi 2019 var lögð fram tillaga þess efnis að stjórn KSÍ færi í heildarendurskoðun á knattspyrnu kvenna. Í kjölfarið var stofnaður starfshópur sem skilaði af sér skýrslu þar sem lagðar voru fram ýmsar tillögur til að bæta hlut kvenna. Í skýrslunni eru tillögurnar kynntar vel ásamt hugmyndavinnunni á bakvið þær auk þess sem bent er á fyrirmyndir og góð dæmi erlendis frá. Tillögurnar snerta nokkra efnisflokka: aukin þátttaka, þróum leikinn, fjölgum konum, breytum ímyndinni, aukum sýnileika. Við yfirferð á skýrslunni og tillögunum var starfshópurinn sammála um að leggja það eindregið til að þessari vinnu yrði fylgt eftir. Að auka hlut kvenna bæði sem iðkendur, þjálfarar, dómara og í stjórnnum og nefndum sem og að bæta umhverfið, leikinn og sýnileika kvenna í fótbolta eru allt góð markmið sem þarf að vinna að og eru hluti af því að bæta umræðuna og jafnréttismál almennt hjá KSÍ. Hér þarf þó að fara varlega í það að varpa ekki allri ábyrgð yfir á konur með þeim skilaboðum að þær þurfi einfaldlega að vera duglegri að taka þátt. Það þarf að skoða það fyrirkomulag sem og menninguna sem þegar ríkir til þess að ganga úr skugga um að þær séu raunverulega velkomnar. Starfshópurinn hvetur stjórn og starfsfólk KSÍ að ráðast í þær tillögur sem eftir standa í skýrslunni um *Heildarendurskoðun á knattspyrnu kvenna*.

Tillögur starfshópsins

Starfshópurinn einblíndi hér á að leggja fram tillögur sem lúta að viðhorfum, þekkingu og afstöðu með auknu jafnrétti innan knattspyrnuhreyfingarinnar og gegn kynbundnu og kynferðislegu ofbeldi. Fram eru lagðar fjórar tillögur en undir hverri og einni eru lagðar fram nokkrar leiðir til að ná markmiði tillögunnar. Eftirfarandi eru tillögur starfshópsins:

#	Tillaga	Leiðir
1	Að uppfæra siðareglur og samninga. Skýrt skal kveðið á um ofbeldismál.	<p>1.1. Uppfæra siðareglur KSÍ <i>-Bæta við sér grein um ofbeldi í siðareglurnar og opna kærur- og ábendingaleiðir fyrir öll sem starfa á vettvangi KSÍ varðandi brot á siðareglum</i></p>
		<p>1.2. Samningur fyrir landsliðsfólk sem tekur mið af siðareglum <i>-Starfshópur á vegum ÍSÍ er að skoða gerð slíkra samninga. Knattspyrnusambandið er hvatt eindregið til að nýta slíka samninga þegar þeir verða tilbúnir fyrir sitt landsliðsfólk</i></p>
		<p>1.3. Leikmannasamningar innihalda ákvæði varðandi ofbeldisbrot, m.a. að leikmenn skuldabinda sig til að upplýsa um kærur vegna kynferðis- og ofbeldisbrota <i>-Á við um samninga leikmanna í meistaraflokkum og landsliðum.</i></p>
		<p>1.4. Starfsfólk og fólk sem sinnir trúnaðarstörfum fyrir KSÍ skrifar undir siðareglur <i>-Setja siðareglur inn í samninga við starfsfólk og þjálfara KSÍ. Öll sem sinna einhverjum trúnaðarstörfum fyrir KSÍ skulu skrifa undir siðareglur þegar þau hefja störf. Einnig skulu þau sem þegar sinna slíkum störfum skrifa undir siðareglur.</i></p>
2	Að skýra leiðir og viðbrögð við ofbeldismálum innan KSÍ og hjá aðildarfélögum	<p>2.1. Framkvæmdastjóri skilgreindur sem tengiliður við samskiptaráðgjafa íþrótta- og æskulýðsmála <i>-Framkvæmdastjóri heldur utan um tölfræði mála, bregst við tillögum frá samskiptaráðgjafa og sinnir eftirfylgd með málum. Á bæði við um framkvæmdastjóra KSÍ og einnig framkvæmdastjóra hvers félags innan KSÍ.</i></p>

		<p>2.2. Upplýsingar um tilkynningar um ofbeldi og úrræði fyrir þolendur verði aðgengilegar á heimasíðum KSÍ og öllum félögum innan þess verði gert skylt að tilkynna á heimasíðum sínum hvert þolendur geta leitað. <i>-Þjóða skal tvær leiðir en önnur útilokar ekki hina:</i> 1. Að ræða við aðila innan félags ef viðkomandi vill aðeins fá áheyrn og stuðning. 2. Leita til samskiptaráðgjafa í þrótt- og æskulýðsstarfs þar sem mál fara í viðeigandi ferli, en tilkynningar þangað geta þó bæði verið formlegar og óformlegar. Forðast skal að leysa mál innan félags eða á skrifstofu KSÍ.</p>
		<p>2.3. Stuðst verði við verkferla sem starfshópur samskiptaráðgjafa gefur út. <i>-Bæði KSÍ og aðildarfélög styðjist við skýra og sambærilega verkferla frá samskiptaráðgjafa sem væntanlegir eru í ársbyrjun 2022.</i></p>
3	<p>Að forysta KSÍ taki skýra afstöðu gegn ofbeldi og sýni það í verki</p>	<p>3.1. Forysta KSÍ samþykki að senda frá sér skýra yfirlýsingu gegn ofbeldi og að þau tali öll á sama hátt um málefnið. <i>-Forysta komi sér saman um orðanotkun og orðalag sem notað er um jafnrétti og ofbeldismál innan hreyfingar og utan. Samræmi sé í orðavali fulltrúa t.d. í fjölmiðlaviðtölum. Yfirlýsing nýs formanns og nýrrar stjórnar um afstöðu gegn ofbeldi birt á heimasíðu KSÍ</i></p> <p>3.2. Til að gefa skýr skilaboð inn í hreyfinguna og til samfélagsins talar forystufólk skýrt gegn ofbeldi við þau tækifæri sem gefast svo sem í viðtölum, á ársþingi o.fl. <i>Skýr skilaboð geta t.d. verið á þessa leið: Ofbeldi er og verður ekki liðið innan knattspyrnuhreyfingarinnar. Öllum tilkynningum verður tekið alvarlega.</i> <i>Forystufólk skal hvetja þolendur til að segja frá, lofa að á þá verði hlustað og að ferill þeirra sé ekki í hættu þó þeir tilkynni ofbeldisbrot.</i></p> <p>3.3. Forysta KSÍ, launað starfsfólk, formaður og stjórn sitji sjálf fræðslu um jafnréttis og ofbeldismál einu sinni á ári, eftir ársþing.</p>
4	<p>Að KSÍ geri átak í og verði leiðandi á sviði jafnréttismála innan íþróttahreyfingarinnar</p>	<p>4.1. KSÍ og öll félög þess séu með jafnréttisáætlun og innan hennar aðgerðaráætlun sem fylgt er eftir. <i>-Framkvæmdastjóri eða formaður skal bera ábyrgð á því að aðgerðaráætlun sé fylgt. Fara skal yfir stöðuna á ársþingi KSÍ.</i></p>

	<p>4.2. Tryggja skal að gott námsefni sé um jafnrétti og kynferðisofbeldi í fræðslu til þjálfara sem og í endurmenntun þjálfara. <i>-Gæta skal þess að uppfæra námsefnið reglulega. Bæta þarf við beinni jafnréttisfræðslu t.d. um staðalímyndir. Tryggja að námsefni sé aðgengilegt á fleiri tungumálum en íslensku.</i></p>
	<p>4.3. Tryggja skal að tillögur úr skýrslu um heildarendurskoðun á knattspyrnu kvenna komi til framkvæmda</p>
	<p>4.4 Kynjahlutfall sé alltaf sem jafnast í öllum ráðum og nefndum á vegum KSÍ. Góður rökstuðningur skal vera fyrir kynjahalla.</p>
	<p>4.5. Bjóða reglulega upp á fræðslu um jafnrétti og kynferðisofbeldi fyrir stjórnarfólk knattspyrnufélaga, starfsfólk og sjálfboðaliða. <i>-KSÍ skal tryggja að slík fræðsla verði í boði einu sinni á ári og geri kröfu á að fulltrúar frá <u>öllum</u> félögum mæti á fræðsluna. Gæta skal þess að bjóða upp á fjölbreytta fræðslu um jafnréttismál s.s um forréttindi og mismunun, kynferðisofbeldi, hinsegin málefni, fjölmenningu, fötlunarmálefni, fátækt og annað sem áhrif getur haft á iðkendur í knattspyrnu.</i></p>
	<p>4.6. Tryggja að þekking á jafnréttismálum verði sjálfbær með upplýsingabanka sem inniheldur jafnréttisverkfæri <i>-KSÍ kaupi þjónustu sérfræðings í jafnréttismálum sem býr til upplýsingabanka fyrir knattspyrnuhreyfinguna sem inniheldur m.a. praktískar upplýsingar og dæmi um hvernig best er að hvetja foreldra til að styðja dætur jafnt sem syni í fótboltanum, til að vinna gegn brottfalli stúlkna, brjóta upp skaðlega menningu ef hún myndast í strákahópum, hvernig taka má umræðu um ofbeldi með yngri iðkendum o.fl. Þannig má gera áherslur í jafnréttismálum sjálfbærar. KSÍ láti útbúa rafræna fræðslu sem öll félögin hafi aðgang að. Bjóða upp á rafræna fræðslu í bland við staðbundna fræðslu.</i></p>
	<p>4.7. Herferð gegn ofbeldi og skaðlegri menningu innan knattspyrnunnar. <i>-Einblína sérstaklega á menningu yngri karlkyns liða með því að efla og þjálfra sérstaklega heilbrigð samskipti og viðhorf. Mælt er með að skoða fyrirmyndir eins og Locker Room Talk í Svíþjóð. Hluti af herferð geti verið að dreifa veggspjöldum, setja skýr skilaboð á samfélagsmiðla o.s.frv. sem tengjast</i></p>

	<p><i>öðrum þáttum jafnréttisstarfs KSÍ og skilaboðum sem vinna gegn ofbeldi.</i></p>
--	---

Lokaorð

KSÍ er stærsta sérsamband Íslands með flesta iðkendur innanborðs. Umræðan og viðbrögðin sem urðu til þess að þessi starfshópur var kallaður saman sýnir glöggst hversu mikil áhrif starfsemi KSÍ hefur á samfélagið og um leið hversu mikla ábyrgð stjórn og starfsfólk þess ber. Starfshópurinn hvetur KSÍ til þess að taka þessu ábyrgðarhlutverki alvarlega og um leið fagnandi. Sambandið mun ekki eitt og sér breyta samfélaginu, en það er í einstakri stöðu til að hafa mikil og jákvæð áhrif. Skilaboð, stefnur og sýnileiki KSÍ skipta sköpum. Með því að ráðast í framkvæmd og útfærslu á ofangreindum tillögum og með því að nýta sér þekkingu sérfræðinga á sviði jafnréttis- og ofbeldismála getur KSÍ sýnt það í verki hvað sambandið stendur fyrir og að það ætlar sér að axla ábyrgð.